



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

Keflavík 2. júlí 1985.

100. fundur

skólanefndar F.S., var haldinn í bóknámshúsi skólans, mánudaginn 1. júlí 1985.

Þessir sátu fundinn:

Gunnar Sveinsson, formaður; Hjálmar Árnason, skólameistari; Eggert Ólafsson, Halldór Guðmundsson, Þórður Ólafsson, Gísli Torfason, fulltrúi kennara; Valtýr Guðjónsson, reiknishaldari; Una Steinsdóttir, fulltrúi nemenda og Ingimundur Þ. Guðnason sem var fundarritari.

Þetta gerðist:

Skólaslit.

1. Formaður setti fund kl. 17:00.

2. Níunda starfsári Fjölbrautaskóla Suðurnesja lauk með brautskráningarathöfn í Útskálakirkju, Garði, þann 9. júní s.l. Athöfninni stýrði nýsettur skólameistari, Hjálmar Árnason, í veikindaforföllum Ingólfs Halldórssonar sem gegnt hefur starfi skólameistara í vetur.

Í ræðu skólameistara kom m.a. fram að nemendur hafa aldrei verið fleiri við skólann en í vetur eða á ellefta hundrað talsins. Ræðst það einkum af tvennu, annars vegar svonefndu starfsnámi, endurmenntunarnámskeiðum fyrir fólk úr atvinnulífinu og hins vegar verulegri aukningu í öldungadeild.

Nemendur við skólann skiptust þannig eftir sviðum:

Í dagskóla	540 nemendur
Í öldungadeild	224 nemendur
Í meistaranámi	14 nemendur
Í starfsnámi	180 nemendur
Í námsflokkum	80 nemendur

Þá stundaði 21 nemandi nám á námskeiði fyrir leiðsögumenn en 7 þeirra hlutu svæðisbundin réttindi til leiðsagnar á Suðurnesjum. Námskeiðið var haldið í samstarfi við Ferðamálaráð Íslands, Félag leiðsögumanna og Ferðamálasamtök Suðurnesja og var hið fyrsta sinnar tegundar hérlandis.

Að þessu sinni hlutu 54 nemendur brautskráningarskírteini:

- 1 af fiskvinnslubraut, eins árs
- 9 af viðskiptabraut, tveggja ára
- 1 af uppeldisbraut, tveggja ára

3 af Flugliðabraut

23 af iðn- og tæknibrautum:

11 af iðnbraut húsasmíða

1 af iðnbraut hársnyrtiiðna

1 af verknámsbraut hársnyrtiiðna

2 af iðnbraut bifvélavirkjunar

4 af iðnbraut rafiðna

2 af verknámsbraut rafiðna

1 af iðnbraut blikksmíða

1 af iðnbraut ljósmyndunar

Af stúdentsbrautum hlutu 18 nemendur brautskráningarskírteini:

4 af málabraut

4 af uppeldisbraut

3 af viðskiptabraut

2 af félagsfræðibraut

1 af heilsugæslubraut

2 af eðlisfræðibraut

1 af náttúrufræðibraut

1 af fjölmiðlabraut

Einn nemandi brautskráðist af félags- og fjölmiðlabraut í senn og annar nemandi af verknámsbraut rafiðna og tveggja ára viðskiptabraut.

Þá hlaut ungur skiptinemi frá Brasilíu, Marcos Scarone, skírteini frá skólanum og þakkaði hann fyrir sig með ávarpi á íslensku.

Að lokinni ræðu skólameistara og brautskráningu voru verðlaun veitt. Flest verðlaun hlaut Edda Rós Karlsdóttir, nýstúdent, en hún var einnig formaður nemendafélagsins. Þá hlaut Kári Húnfjörð verðlaun fyrir framúrskarandi árangur á iðnbrautum húsasmíða.

Þá fluttu fulltrúar brautskráðora ávörp, Guðný Reynisdóttir af hálfu nýstúdenta og Kári Húnfjörð af hálfu iðnnema. Flutti Kári ávarp sitt í bundnu máli.

Jón A. Valdimarsson flutti ávarp af hálfu kennara.

Una Steinsdóttir og Guðlaug Pálsdóttir, nemendur, léku í upphafi verk fyrir píanó og flautu.

Í lokin kvaddi skólameistarinn þrjá kennara sem starfað hafa við skólann um árabíl, þau Baldur Sigurðsson, Helgu Láru Guðmundsdóttur og Maju Loebell.

Kennarar við skólann voru samtals 53 talsins.

Brautskráning fór nú fram í fyrsta sinn í Gerðahreppi. Að athöfn lokinni bauð hreppsnefnd boðgestum til kaffidrykkju.

Kennaraumsóknir.

3. Skólameistari kynnti umsækjendur sem sótt höfðu um stöður við skólann með umsóknarfresti til 11. júní 1985.

Samþykkt var að mæla með ráðningu eftirtalinna kennara:

Arnbjörn Jóhannesson (íslenska)
 Elín Siggeirsdóttir (tölvufræði)
 Jóhannes Ágústsson (viðsk. greinar)
 Jóhannes Helgason (faggreinar rafiðna)
 Þór Stefánsson (franska)

Að auki var mælt með endurráðningu Magnúsar Karlssonar.

Þá var samþykkt að mæla með ráðningu Oddnýar G. Harðardóttur (stærðfræði) en umsókn hennar barst eftir að umsóknarfrestur rann út.

Fram kom að auglýst hefur verið eftir kennurum í stærðfræði, ensku og faggreinum rafiðna með umsóknarfresti til 12. júlí.

4. Undirbúningur næsta skólaárs.

Skólameistari skýrði frá fjölda nemenda næstu annar, eða sem vitað er um í dag, og skiptingu þeirra milli byggðarlaga á Suðurnesjum og utan af landi..

Þá kom fram að áfram yrðu haldin námskeið í ýmsum greinum í samvinnu við fagfélög á svæðinu.

Fáir nemendur hafa sótt um í málmiðnað eða aðeins þrír sem er bagalegt.

Skólameistari upplýsti, að eftir að hann tók við hefði hann auglýst stjórnunarstöður við skólann. Eftirfarandi aðilar sóttu um: Ægir Sigurðsson, áfangastjóri; Konráð Ásgrímsson, skólaráðgjafi. Í deildarstjórnastöðum: Ósa Knútsdóttir, tungumálasvið; Gísli Torfason, raungreinasvið; Gunnar Þórarinnsson, samfélagssvið; og Sturlaugur Ólafsson, verk- og tæknisvið. Með þessum aðilum sagðist skólameistari engu kviða með stjórnun skólans.

Umræður urðu um vandamál málmiðnaðar-deildarinnar, en þrátt fyrir mikinn áróður hafa nemendur ekki skilað sér í málmiðnað. Nefndarmenn voru á því að gefast ekki upp og halda áfram með kynningu á þessari heild við öll tækifæri og voru Víkurfréttir meðal annars nefnd í því sambandi. Kynningaráfangi í tæknibrautum verður tekinn upp í vetur fyrir nýja nemendur og er það gert í tilraunaskyni.

5. Fjármálaástaðan.

Réiknishaldari skólans, Valtýr Guðjónsson, skýrði frá fjármálaástaðunni og sagði sveitarfélagin standa sig vel með skil á sínum hluta en aðra sögu væri að segja um ríkið.

Fram kom að rekstrargjöld m.v. 30.06. '85 voru 5.4 milljónir en stofnbúnaður 600 þús.

6. Teikningar nýbyggingar.

Hörður Björnsson, arkitekt, afhenti tillögur um stöðsetningu hússins og var beðinn um að koma hið fyrsta með nýjar tillögur af 2-hæða húsi ásamt kostnaðaráætlun.

Samþykkt var að skrifa byggingar deild Menntamálaráðuneytisins bréf með nánari tillögum um byggingarframkvæmdir.

Nefndin samþykkti að senda tillögur og teikningar um nýbyggingu til sveitarfélaganna þegar þær liggja fyrir fullmótaðar.

7. Önnur mál.

a) Tvö tilboð bárust í málningarvinnu innanhúss og samþykkt var að taka lægra tilboðinu sem Óskar Guðjónsson, Sandgerði, sendi.

b) Beiðni um námsstyrk í málmsuðutækni í Iðntæknistofnun Íslands lögð fram frá Jóni A. Valdimarssyni. Samþykkt að **greiða samkvæmt** nýrri reglugerð um námsstyrki kennara.

c) Skólameistari skýrði frá fundi stjórnenda fjölbrautaskóla og fulltrúa sveitarfélaga, haldinn í Garðabæ þann 24. og 25. júní s.l., um samskipti framhaldsskóla og ríkis. Fram kom, að kosin var 3-manna nefnd sem skilaði tillögum um þessi mál í ágúst n.k. Í nefndinni eru: Jón Hjartarson, Jón Gauti Jónsson og Helgi Bergs. Starfsmaður nefndarinnar verður Jón Böðvarsson.

d) Endurskoðun Námsvísis fer fram í haust af þeim aðilum sem að honum standa.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00.

Ingimundur P. Guðnason (sign)
fundarritari.